

Nd.

513. Nefndarálit

[201. mál]

um frv. til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum.

Iðnaðarmálaráðherra mætti á fundi hjá nefndinni og svaraði allmörgum fyrirspurnum, sem til hans var beint.

Einnig mættu hjá nefndinni Baldur Líndal efnaverkerfræðingur og Steingrímur Hermannsson, form. rannsóknaráðs ríkisins. Gáfu þeir nefndinni ýmsar upplýsingar.

Nefndin gengur út frá því, eins og kom fram í ræðu iðnaðarmálaráðherra við 1. umræðu, að sölusamningur við erlent félag, ef til kemur, verði tímabundinn og uppsegjanlegur.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Aftan við greinina komi ný málsg., svo hljóðandi:
Sveitarfélög á Norðurlandi skulu hafa rétt til að gerast hluthafar í félögum og að vera meðal fullgildra stofnenda þeirra.
2. Við 6. gr. Aftan við gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:
Fulltrúar ríkissjóðs í stjórn hlutafélags skv. 1. gr. skulu kosnir á Alþingi.

Tveir nm., GíslG og ÞÞ, áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 28. apríl 1964.

Jónas G. Rafnar,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Sigurður Ágústsson.

Þórarinn Þórarinsson.

Gísli Guðmundsson.